

Ed.

797. Nefndarálit

[306. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og klotnaði hún í afstöðu sinni til þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali, en minni hl. mun skila séráliti.

Í brtt. meiri hl. er gengið nokkuð lengra til móts við sjónarmið bankamálanefndar en gert er í frv. varðandi skattfrelsi veðdeilda bankanna, heimild til gjaldfærslu í afskriftareikning útlána og greiðslufyrirkomulag á álögdum gjöldum.

Skv. gildandi lögum eru nokkrir tilteknir stofnlánasjóðir, er starfa í tengslum við innlánsstofnanir, undanþegnir skattskyldu. Sjóðir þessir eru: Stofnlánadeild landbúnaðarins, iðnlánasjóður, stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóður) og stofnlánadeild samvinnufélaga. Virðist edlilegt að sömu reglur gildi að þessu leyti um veðdeildir banka og innlánsstofnana, enda gegna þær hliðstæðu hlutverki og þeir sjóðir sem þegar njóta skattundanþágu. Hér verður þó að gera þá kröfu að fjárhagur viðkomandi veðdeildar sé greinilega aðskilinn frá fjárhag annarra stofnana og er lagt til að það verði skilyrði skattfrelsisins að fjármálaráðuneytið hafi staðfest reglur um þennan aðskilnað. Þær veðdeildir, sem nú eru starfandi og fallið gætu undir þetta ákvæði, ef ákvæðum um fjárhagslegan aðskilnað er fullnægt, eru við Alþýðubankann, Búnaðarbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands.

Í öðrum lið brtt. er lagt til að gjaldfærsluheimild í afskriftareikning útlána verði 1% af útlánaaukningu í stað ½% í frv. Er þessi brtt. einnig í samræmi við tillögur bankamálanefndar. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að innlánsstofnanir njóta ekki heimildar til niðurfærslu á útistandandi viðskiptaskuldum, sbr. 5. tl. 74. gr. 1. nr. 75/1981, og er þessari heimild ætlað að koma í hennar stað. Þá fylgir vaxandi áhætta útlánastarfsemi og sýnist heimild til gjaldfærslu á 1% af útlánaaukningu ekki óhófleg til að mæta henni. Í þessu sambandi má einnig benda á að í þeim vinnureglum, sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur mælt til að hafðar yrðu til hliðsjónar við gerð ársreikninga fyrir árið 1983, er við það miðað að afskriftareikningar útlána nemi a. m. k. 1% af samtölu útlána og veittra ábyrgða. Ákvæði til bráðabirgða I í tillögu meiri hl. tengist þessari breytingu.

Í þriðja lagi er lagt til að greiðslufyrirkomulagi á sköttum innlánsstofnana verði breytt í áföngum á árunum 1985 og 1986 til samræmis við þær reglur sem gilda um skattgreiðslur allra annarra í landinu. Skv. núgildandi lögum ríkir eins konar staðgreiðslufyrirkomulag á skattgreiðslum bankanna þar sem þeir greiða verulega hluta skatta á tekjuöflunarári, gagnstætt því sem gildir um aðra skattgreiðendur. Er þetta andstætt því meginmarkmiði, sem felst í ákvörðun um skattskyldu innlánsstofnana, að gera skattalega stöðu þeirra sambærilega við það sem gerist í öðrum atvinnugreinum. Með niðurfellingu á 5. gr. núgildandi laga og ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að samræmingu að þessu leyti verði náð innan þriggja ára. Ljóst er að ekki verður horfið frá staðgreiðslufyrirkomulagi til eftirágreiðslukerfis á sköttum nema með því að niður falli skattgreiðslur eins árs. Með því að gera þetta í tveimur áföngum á árunum 1985 og 1986 er reynt að dreifa fjárhagslegum afleiðingum þessa yfir þriggja ára tímabil. Þessar tillögur hafa engin áhrif á tekjur ríkissjóðs af skatti innlánsstofnana í ár. Árið 1985 lækkar fyrirframgreiðsluskylda innlánsstofnana hins vegar um helming skv. tillögunum. Sé gert ráð fyrir að fyrirframgreiðslan 1984 sé álíka há og álagningin 1985 á það rekstrarár felst í þessu að greiðslubyrði innlánsstofnana árið 1985 nemur einungis fyrirframgreiðslunni og lækkar því um helming frá því sem er í ár. Á árinu 1986 er ekki gert ráð fyrir neinni fyrirframgreiðslu, en við álagningu á því ári vegna rekstrarársins 1985 mundu bankarnir einungis hafa greitt fyrirfram helming álagðra gjalda og kæmi afgangurinn skv. tillögunum til greiðslu síðari hluta árs 1986. Á árinu 1987 féllu innlánsstofnanir loks inn í hið almenna greiðslukerfi opinberra gjalda.

Alþingi, 9. maí 1984.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Lárus Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Tómas Árnason.